

Bæjarráð Garðabæjar
Gunnar Einarsson bæjarstjóri

Bæjarskrifstofa Garðabæjar	
Mótt.dags.	09.10.2015
Málalýkill	
Mál nr.	1510110

9. október 2015

Efni: Tillaga að stefnubreytingu varðandi ráðstöfun fjármagns

Þeir sem ráðstafa skattfé lita sjaldnast á þroskaferil frumberskunnar sem hagvöxt, en þeir ættu að gera. Tímabilið frá getnaði til 2ja ára, leggur grunninn að lífsgæðum og fullorðinslífi. Rannsóknir hafa varpað ljósi á það hvernig barnsheilinn er stilltur inn á þörf fyrir ást og umhyggju. Ef þessum þörfum er ekki fullnægt verða börn fyrir skaða sem hefur áhrif ævilangt. Foreldrar þurfa að finna fyrir öryggi til að sýna börnum sínum stuðning og ástíri í uppeldinu.

Það virðist sem Garðabær verji allra minnst af sínu fjármagni í þetta mikilvæga æviskeið, en sinni frekar börnum sem þegar eru komin í vanda. Hér er lagt til að sú stefnubreyting eigi sér stað hjá Garðabæ að verja um 100 milljónum á ári til forvarna gagnvart börnum frá 0 til 2 ára, en sú upphæð nemur kostnaði við eitt alvarlegt barnaverndarmál.

Fjölbjóðlegar rannsóknir sýna að þegar þroski barns er undir meðallagi fyrsta æviárið er barnið mun líklegra til að dragast enn meira aftur úr næstu árin, en að það nái þeim sem fóru betur af stað. 36% alvarlegra tilvika sem skoðuð hafa verið snerta ungbörn undir eins árs aldri.

Um 25% barna eiga foreldra sem hafa orðið fyrir áhrifum af heimilisofbeldi, vandamálum tengdum geðheilsu eða fíkniefnum/áfengi. Ef ekki er brugðist við með forvörnum mun það hafa áhrif á þessa kynslóð barna og ungs fólks og einnig þá næstu.

Á Íslandi hefur einn mikilvægur varnarþáttur fyrir ungbörn verið skilinn útundan. Algengara er að íslenskir feður fari á mis við að vera í daglegum tengslum við börn sín á mikilvægasta æviskeiðinu, heldur en í löndunum sem við berum okkur saman við. 30% skilnaðarbarna eru þriggja ára og yngri.

Ungt fólk hefur orðið illa úti varðandi að eignast þak yfir höfuðið og einstæðir foreldrar enn verr. Skilnaðir ungbarnaforeldra tvöfalda húsnæðivandamál ungu fjölskyldunnar. Það að styrkja samband verðandi foreldra er ekki aðeins leið til að sá fræðum við arfi allra þeirrar velmengunnar sem það leiðir af sér það er líka leið til að styrkja fólk í húsnæðismálum.

Fjármunirnir verði í formi foreldranámskeiðsins; „Að verða foreldri“ en það er hluti af jafnréttis- og forvarnarfræðslu Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd.

Námskeiðið er hannað af hjónunum og sálfræðingunum dr. John og dr. Julie Gottman. Þau eru í forystusveit fræðimanna og fjölskylduráðgjafa á heimsvísu með meðferðarstarfi sínu og vísindarannsóknnum á hjónabandi, parsamböndum og fjölskyldu. Niðurstöður þeirra sýna að með því að undirbúa ung pör fyrir foreldrahlutverkið skapist einstakt tækifæri til að hafa jákvæð áhrif í þágu starfhæfara parsambands og velferðar barna.

Mat þátttakenda sýnir að þeir eru almennt mjög ánægðir með námskeiðið og að námsefnið nær jafn vel til verðandi feðra og mæðra.

Jafnréttisráð kynnti sér á árinu 2009 námskeiðið og mælir með því.

Efni: Tillaga að stefnubreytingu varðandi ráðstöfun fjármagns Garðabæjar

Fræðslan kennir foreldrum að hafa áhrif á heilbrigðan þroska barnsins með því að vera í nánnum tengslum við það og vakandi fyrir þörfum þess og sinna því vel.

Yfirvöld í Skotlandi juku fjárframlög til barnafjölskyldna fyrir tímabilið frá getnaði til tveggja ára aldurs í einni atlögu árið 2014. Þá lá fyrir að 40% af útgjöldum má rekja til frávika í gæðum umönnunar á tímabilinu. Rannsóknir James Heckman, Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði, sýna að ávöxtun á fjármagni er hæst á þessu tímabili, frá 9 – 18 föld. Nú er unnið eftir stefnu í Skotlandi sem miðar að fækkun alvarlegra frávika um 70% fyrir árið 2030.

Mat og rannsóknir á námskeiðinu „*Að verða foreldri*“ sýna að það styrkir parsambönd. Fjöldi rannsókna, allt frá árinu 1957, sýna að meirihluti foreldrar upplifa minni ánægju í parsambandinu, fyrstu þrjú árin eftir fæðingu barns. Rannsóknir á námskeiðinu *Að verða foreldri* sýna að mun lægra hlutfall foreldra sem sótti námskeiðið (22,5%) segja að gæði parasambandsins hafa minnkað eftir fæðingu barnsins. Feður og mæður sem sóttu námskeiðið voru einnig næmari fyrir þörfum barnanna og brugðust betur við þeim.

Námskeiðið *Að verða foreldri* hjálpar til við að undirbúa verðandi foreldra fyrir eitt mikilvægasta verkefni lífsins – að ala upp barn. Þá er námskeiðinu ætlað að hjálpa væntanlegum foreldrum, að viðhalda og efla parasambandið samhliða foreldrahlutverkinu.

Það er ekki tilviljun að dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir fjallaði um að Ísland væri nr. 6 á listanum yfir langlífi, nr. 19 í heilsusamlegu lífi og mikilvægi fyrstu æviáranna, í sama erindinu á Landsþingi Náttúrulækningafélags Íslands í september sl.

Hér hafa verið færð rök fyrir því að á þeim tímamótum þegar pör eru barnshafandi af sinu fyrsta barni, geti jafnréttis- og forvarnarfræðsla byggð á traustum heimildum afgerandi áhrif.

Námskeiðið er á vegum Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd (RBF) í samstarfi við Ólaf Grétar Gunnarsson. RBF er ætlað að vera víðtækur vettvangur rannsókna á sviði félagsráðgjafar, einkum öllu því er lýtur að stefnumörkun, þróun og þjónustu í barna- og fjölskylduvernd sem spannar allt lífsskeiðið frá æsku til efri ára.

Ólafur hefur með aðstoð annarra verið leiðandi í að innleiða aðþjóðlegar viðurkenndar fyrsta stigs forvarnir sem þjóna báðum kynjum. Starfið hófst með *Ráðstefnu í uppeldishæfni* í samstarfi við Barnaverndarstofu, Kennaraháskólann og Heimil og skóla árið 2002.

Með vinsemd og virðingu,

Ólafur Grétar Gunnarsson fjölskyldu- og hjónaráðgjafi hjá 9 mánuðum og sjálfstætt starfandi fræðimaður á sviði jafnréttis og forvarna